



Bæjarstjórn Garðabæjar 7. (940)/2024

Boðað er til 7. (940). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 2. maí 2024 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2404026F - Fundargerð bæjarráðs frá 23/4 '24.
2. 2404035F - Fundargerð bæjarráðs frá 30/4 '24.

2312130 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður.

2402558 - Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts norður vegna lóðarinnar við Stekkholt 22.

2311113 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Hæðarhverfi.

2403405 - Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna deiliskipulags Deildar og Landakots á Álftanesi varðandi dælustöð fráveitu.

2208311 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag athafnahverfis í Búðum.

2208310 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag íbúðahverfis í Bæjargili.
3. 2402028F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 15/3 '24
4. 2404034F - Fundargerð leikskólanefndar frá 29/4 '24.
5. 2404029F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 22/4 '24.
6. 2404027F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 24/4 '24.
7. 2404021F - Fundargerð velferðarráðs frá 17/4 '24.
8. 2401141 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 29/4 '24.
9. 2401136 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 8/4 og 22/4 '24.
10. 2401139 - Fundargerð eigendafundar Sorpu bs. frá 8/4 '24.
11. 2401137 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 12/4 '24.



12. 2401135 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 15/3 '24.
13. 2401134 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 5/4 '24.
14. 2308538 - Ársreikningur Gardabæjar 2023 - seinni umræða

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
6. (939). fundur 2024

Fimmtudaginn 18. apríl 2024 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar, Almar Guðmundsson, bæjarfulltrúi, Björg Fengler, bæjarfulltrúi, Margrét Bjarnadóttir, bæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson, bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason, bæjarfulltrúi, Stella Stefánsdóttir, varabæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, bæjarfulltrúi, Harpa Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi, Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi og Hlynur Bæringsson, varabæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 21. mars 2024 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2403040F - Fundargerð bæjarráðs frá 26/3 '24.

Hlynur Bæringsson, ræddi 1.tl., bréf umboðsmanns barna varðandi hljóðvist í skólum.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1.tl., bréf umboðsmanns barna varðandi hljóðvist í skólum.

Björg Fengler, ræddi 1.tl., bréf umboðsmanns barna varðandi hljóðvist í skólum og 5.tl., Betri Garðabær 2024 – hugmyndasöfnun og íbúakosningu.

Fundargerðin sem er 5.tl., er samþykkt samhljóða.

2. 2404008F - Fundargerð bæjarráðs frá 9/4 '24.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, ræddi 9.tl., bréf Golfklúbbsins Odds til Vegagerðarinnar varðandi ástand Elliðavatsvegjar (Flóttamannavegar), dags. 25. mars 2024.

Björg Fengler, ræddi 9.tl., bréf Golfklúbbsins Odds til Vegagerðarinnar varðandi ástand Elliðavatsvegjar (Flóttamannavegar), dags. 25. mars 2024.

Fundargerðin sem er 14.tl., er samþykkt samhljóða.

3. 2404020F - Fundargerð bæjarráðs frá 16/4 '24.

Almar Guðmundsson, ræddi 14. tl., drög að viljayfirlýsingu vegna tengingu fráveitu á Álftanesi við Skerjafjarðarveitu.

Afgreiðsla mála.

„Bæjarstjórn samþykkir, samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu skipulagsnefndar, frá fundi 11. apríl 2024, um breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts. Tillagan gerir ráð fyrir að reisa félagsheimili Oddfellowreglunnar á lóð nr. 28. Lóð sem fyrir breytingu er lóð nr. 20-26

breytist í lóð nr. 20-24. Vestari hluti þeirrar lóðar verður sérstök lóð sem er ætluð undir bílastæði, en einnig verði heimilt að byggja bílakjallara á lóðinni.

Tillagan var auglýst 11. desember 2023 og var frestur til að gera athugasemdir við tillöguna til 24. janúar 2024. Athugasemdir voru lagðar fram á fundi skipulagsnefndar 8. febrúar 2024. Á fundi skipulagsnefndar 11. apríl 2024 gerði skipulagsstjóri grein fyrir fundi með þeim sem gerðu athugasemdir, skipulagshöfundi og arkitektum, ásamt skuggavarpsteikningum.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.“ (Mál nr. 2310097)

„Bæjastjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar, um að ekki sé hægt að fallast á að starfsemi sem sé umfram almenna heimagistingu sem heimiluð eru í íbúðarhverfum, enda kalli slíkt á breytingu aðalskipulags, þar sem Breiðabólstaðareitur verði þá skilgreindur sem svæði fyrir verslun og þjónustu.“ (Mál nr. 2404038)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Vetrarmýrar, á grundvelli þess að gögnum verði breytt til samræmis við athugasemdir Skipulagstofnunar, sbr. bréf, dags. 19. febrúar 2024. Skipulagsnefnd telur ekki að breytingarnar verði grundvallaratriði tillögunnar og kallar því ekki á endurauglýsingu hennar.

Bæjarstjórn staðfestir samþykki skipulagsnefndar sem breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar í samræmi við 3.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“(Mál nr. 2306463)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Breiðumýrar á Álftanesi vegna staðsetningar sorpskýlis í tengslum við matvöruverslun á lóðinni að Lambamýri 3.

Grenndarkynna skal lóðarhöfum í Lambamýri og Svanamýri sem og íbúum í Birkiholti 1, 3 og 5.“ (Mál nr. 2402118)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að kynna íbúum og öðrum hagsmunaaðilum lýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna rammahluta Vífilstaðalands, sbr. samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum.“ (Mál nr. 2403271)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholt norður vegna lóðarinnar við Þorraholt 2-4. Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum.

-Gert er ráð fyrir að lóðirnar Þorraholt 2-4, 2a og 2b (spennustöð og dælustöð) verði sameinaðar þannig að lóðin verði 11.406 m².

-3.000 m² bætt við bílageymslu í kjallara.

-Nýtingarhlutfall breytist úr 2,2 í 2,4

-Hús nr. 2 er hækkað um 2,5m, verður í sömu hæð og upphaflegt deiliskipulag gerði ráð fyrir sem samþykkt var í desember 2021.

-Breidd byggingarreits húss nr. 2 minnkar úr 25m í 22m.

-Grasþaki breytt í bílastæðapak á húsi nr. 2.

-Austurhluti 1. hæðar í húsi nr.2 verður atvinnurými í stað bílageymslu á 2 hæðum og byggingarreitur stækkar lítillega.

-Gert er ráð fyrir akstursrömpum innan lóðamarka.

-4 kjallara í stað 2 - 3 kjallara.

-Kjallari -2 verður atvinnurými.

-Staðsetning spennistöðvar eru inni á lóð Þorraholti 2-4. Lóð dælustöðvar felld út.

-Svalir og skyggni mega fara út fyrir byggingareit um allt að 2,0 metra.

Vekja skal athygli eigenda annarra eigna í Þorraholti og í Útholti 2,4,6,8 og 10 sem og Útholti 1-3, 5-9 og 11-17 á auglýsingunni.“ (Mál nr. 2403504)

Fundargerðin sem er 15. tl., er samþykkt samhljóða.

4. 2404011F - Fundargerð Íþróttta- og tómstundaráðs frá 10/4 '24.

Hrannar Bragi Eyjólfsson, ræddi 1.tl., íþrótttaþing Garðabæjar; 2.tl., þarfagreiningu varðandi aðstöðu fyrir félags- og tómstundastarf ungs fólks í Garðabæ og 3.tl., Stjórnuhlaup 2024. Þá ræddi Hrannar Bragi undir önnur mál sumarfrístund 2024.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 2403032F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 22/3 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 2404009F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 11/4 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 2402020F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 20/3 '24.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1.tl., íbúakönnun – þjónustukönnun Gallup 2023, 2.tl., þróunarsjóð grunnskóla 2024, 3.tl., rannsóknir og greiningu, niðurstöður 2023 og 5.tl. kynningu og samtal við stjórnendur Hjallastefnunnar.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 3.tl., rannsóknir og greiningu, niðurstöður 2023.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju 3.tl., rannsóknir og greiningu, niðurstöður 2023.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 2403028F - Fundargerð velferðarráðs frá 20/3 '24.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1.tl., innleiðingu farsældar í Garðabæ, 2.tl., barnvæn sveitarfélög, 5.tl., jafnréttisáætlun Garðabæjar 2023-2026 og 6.tl., tölulegar upplýsingar í barnavernd og fjárhagsaðstoð.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 2404004F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 11/4 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 2403036F - Fundargerð ungmennaráðs frá 21/3 '24.

Almar Guðmundsson, ræddi fundargerðina og færði fulltrúum ungmennaráðs þakkir fyrir góð störf.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 4.tl., fræðslu í skólum.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 2403009F - Fundargerð öldungaráðs frá 18/3 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

12. 2401141 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 25/3 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

13. 2401133 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 5/3, 19/3 og 9/4 '24.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2.tl. fundargerðar frá 19. mars 2024 um stöðu brennsluverkefnis SSH og URN.

Fundargerðin er lögð fram.

14. 2401134 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 11/3 og 15/3 '24.

Hrannar Bragi Eyjólfsson, ræddi fundargerð 11. mars 2024, útboð á akstri, fundargerð 15. mars 2024, 1.tl., drög að óendurskoðuðu ársuppgjöri 2023, 2.tl., lífeyrissjóðsmál og 6.tl., greiðslukerfi.

Hlynur Bæringsson, ræddi fundargerðirnar og málefni Strætó.

Hrannar Bragi Eyjólfsson, tók til máls að nýju og ræddi sama mál.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi sama mál.

Hrannar Bragi Eyjólfsson, tók til máls að nýju.

Björg Fenger, ræddi sama mál.

Hlynur Bæringsson, tók til máls að nýju.

Almar Guðmundsson, ræddi sama mál.

Fundargerðin er lögð fram.

15. 2401138 - Fundargerð eigendafundar Strætó bs. frá 13/3 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

16. 2401325 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 20/3 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

17. 2401136 - Fundargerð stjórnar SSH frá 18/3 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

18. 2401607 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 22/3 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

19. 2404085 - Tillaga að samþykkt um prókúruhafa sveitarfélagsins.

Almar Guðmundsson, bærarstjóri lagði fram svohljóðandi tillögu varðandi prókúruhafa sveitarfélagsins:

„Samkvæmt 4. mgr. 55. gr sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er bærarstjóri prókúruhafi sveitarfélagsins. Bærarstjóri leggur til að bærarstjórn samþykki ákvörðun hans um að fela jafnframt Lúðvík Erni Steinarssyni, sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs og Lúðvík Hjalta Jónssyni, fjármálastjóra prókúru fyrir sveitarfélagið samkvæmt heimild í áður nefndu lagaákvæði. Jafnframt er felld úr gildi prókúra Guðjóns Erlings Friðrikssonar, fyrirverandi bæjarritara.“

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um prókúruhafa sveitarfélagsins.

20. 2308538 - Ársreikningur Garðabæjar 2023 - fyrri umræða

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri fylgdi úr hlaði ársreikningi Garðabæjar fyrir árið 2023. Gerði bæjarstjóri grein fyrir helstu niðurstöðum reikningsins og lykiltölum. Almar þakkaði starfsmönnum bæjarins fyrir þeirra hlut að góðum rekstri bæjarins. Bæjarstjóri lagði til að vísa ársreikningnum til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, tók til máls.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Hlynur Bæringsson, tók til máls.

Almar Guðmundsson, tók til máls að nýju.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa ársreikningi Garðabæjar 2023 til síðari umræðu í bæjarstjórn sem er fyrirhuguð 2. maí 2024.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19:00.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar fimmtudaginn 18. apríl 2024 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Hlynur Elías Bæringsson, (sign)
Stella Stefánsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign).
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign).
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign).

Bæjarráð Garðabæjar
15. (2116). fundur 2024

Þriðjudaginn 23. apríl 2024 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson varamaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs, Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri og Lúðvík Hjalti Jónsson fjármálastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2404194 - Bréf Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, varðandi frumkvæðisathugun á þjónustu í búsetuúrræðum fatlaðs fólks, dags. 9. apríl 2024.

Í bréfinu kemur fram að Gæða og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) sé að kanna framkvæmd sveitarfélaga á ýmsum lagalegum skyldum í þjónustu við fatlað fólk sem býr í íbúðarkjörnum og herbergjasambýlum. Af þeirri ástæðu hafi GEV stofnað til frumkvæðisathugunar á þjónustu við fullorðið fatlað fólk í íbúðakjörnum og á herbergjasambýlum á grundvelli 14. gr. laga nr. 38/2018.

2. 2403495 - Svar Vegagerðarinnar til Golfklúbbsins Odds varðandi ástand Elliðavatnsvegur (Flóttamannavegur), dags. 17. apríl 2024.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að Vegagerðin hafi falið verkfræðistofunni Eflu að skoða möguleikann á að koma fyrir undirgöngum sem eru einföld í framkvæmd, við Elliðavatnsveg, fyrir fótgangandi vegfarendur.

3. 2404185 - Aðalfundarboð Betri samganga ohf. vegna starfsársins 2023, dags. 18. apríl 2024.

Í bréfinu kemur fram að stjórn Betri samganga ohf. hafi ákveðið að fresta aðalfundi félagsins fram til 30. apríl 2024.

4. 2404359 - Aðalfundarboð Landskerfis bókasafna hf. 2024 vegna starfsársins 2023.

Lagt fram aðalfundarboð Landskerfis bókasafna hf., árið 2024, sem haldinn verður þriðjudaginn 7. maí 2024.

5. 2404370 - Sjálfbærnisráðgjafi Strætó 2023, útg. 18. apríl 2024.

Lögð fram.

6. 2404387 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um

uppbyggingu vindorku á Íslandi, 899. mál., dags. 19. apríl 2024.

Lagt fram

7. **2404388 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál., dags. 19. apríl 2024.**

Lagt fram.

8. **2308538 - Ársreikningur Garðabæjar 2023.**

Umræða bæjarráðs, eftir fyrri umræðu um ársreikning Garðabæjar sem fram fór í bæjarstjórn Garðabæjar 18. apríl 2024.

Lúðvík Hjalti Jónsson fjármálastjóri Garðabæjar og Þorbjörg Kolbeinsdóttir deildarstjóri bókhaldsdeildar Garðabæjar mættu á fund bæjarráðs og fóru yfir lykiltölur úr rekstri bæjarins. Fóru þau nánar tiltekið yfir sundurliðun ársreiknings Garðabæjar og rekstrarreikning aðalbókar, þar sem farið var yfir rauntölur ársins 2023 samanborið við áætlun ársins 2023.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Bæjarráð Garðabæjar
16. (2117). fundur 2024

Þriðjudaginn 30. apríl 2024 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson varamaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2308538 - Ársreikningur Garðabæjar 2023 - endurskoðunarskýrsla.

Davíð Búi Halldórsson, löggiltur endurskoðandi starfsmaður Enor gerði grein fyrir skýrslu endurskoðanda fyrir árið 2023. Í skýrslunni er gerð grein fyrir framkvæmd endurskoðunar, helstu áherslum, niðurstöðum og öðrum mikilvægum atriðum.

Lagt fram minnisblað Enor um breytingar á ársreikningi frá fyrri umræðu. Breytingarnar varða framsetningu á verkum í vinnslu og innheimtum tekjum vegna gatnagerðargjalda í efnahagsreikningi Garðabæjar. Breytingarnar hafa engin áhrif á rekstrarreikning Garðabæjar. Bæjarráð vísar breytingunum til afgreiðslu við síðari umræðu um ársreikning sem fyrirhuguð er 2. maí nk.

2. 2306493 - Lautargata 1 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita HVH ehf., kt. 450916-1880, leyfi til að byggja tíu íbúða fjölbýlishús á lóðinni Lautargötu 1.

3. 2312130 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja, samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu skipulagsnefndar, frá fundi 24 apríl 2024, um breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts norður sem gerir ráð fyrir uppfærslu deiliskipulagsskilmála ásamt fjölgun íbúða í fjölbýlishúsum norðan Vorbrautar um 13.

Tillagan var auglýst 25. janúar 2024 og var frestur til að gera athugasemdir við tillöguna til 8. mars 2024. Athugasemdir við tillöguna voru lagðar fram á fundi skipulagsnefndar 14. mars 2024 og var þeim vísað til úrvinnslu umhverfissviðs og deiliskipulagshöfundar. Svör við athugasemdum liggja fyrir.

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á tillögunni, þar sem brugðist er við umsögnum og athugasemdum.

-bílastæðum á lóð að Vorbraut 19 verði fjölgað úr 6 í 8.

- að leiðrétt verði villa um breidd byggingarreits á mæliblaði lóðarinnar Vorbraut 7.
- að legu aðkomuramps fyrir bílageymslu á lóðinni Vorbraut 3 verði breytt.
- að fjölgað verði íbúðareiningum á lóðinni Vorbraut 5 um 2, Vorbraut 11 um 1, Vorbraut 15 um 2 og Vorbraut 17 um 1.
- að hámarksbyggingarmagn einbýlishúsa við Skerpluholt verði aukið um 15 fermetra, úr 225 í 240.
- að breytingar verði gerðar á kafla 1.3. í skipulagsgreinargerð sem gerir ráð fyrir því að raðhúslengjur við Vorbraut í austasta hluta deiliskipulagsvæðis Hnoðrahólts norður verði talið til Hnoðrahólts suðurs í viðmiðunartöflum rammahluta aðalskipulags fyrir Vífilsstaðaland enda eru þau innan landnotkunarreits Hnoðrahólts suður á aðalskipulagsupprætti.
- að breidd raðhúslóðanna við Útholt 5-9 verði minnkaðar lítillaga.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

4. 2402558 - Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts norður vegna lóðarinnar við Stekkholt 22.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar, frá fundi 24. apríl 2024, sem óverulega breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður, í tilefni af umsókn um breytingu sem nær til einbýlishúsaloðarinnar Stekkholts 22, sem gerir ráð fyrir að byggingarreitur færist til austurs og að byggingarmagn aukist.

Grenndarkynna skal eigendum Stekkholts 20, 51 og 53 sem og Vorbrautar 17 og 19. Ennfremur eigendum Þrymsala 18 og 19 og Þrúðsala 16, 17 og 18 í Kópavogi.

5. 2311113 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Hæðarhverfi.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar frá fundi 24. apríl 2024, að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga deiliskipulag Hæðahverfis.

Tillagan var kynnt á íbúafundi sem haldinn var 11. mars 2024.

Gerð hefur verið sú breyting frá forkynntri tillögu að raðhúslóðin Blómahæð 7 stækkar að göngustíg.

Lagt er til að í grein 3.1. í greinargerð verði bætt við eftirfarandi setningu:

"Á lóðinni er gert ráð fyrir leikskóla. Fjöldi barna eða deilda takmarkast við það byggingarmagn og fjölda bílastæða sem heimiluð eru á lóðinni." í grein 3.1. í greinargerð verði bætt eftirfarandi setningu: „Á lóðinni er gert ráð fyrir leikskóla. Fjöldi barna eða deilda takmarkast við það byggingarmagn og fjölda bílastæða sem heimiluð eru á lóðinni."

6. 2403405 - Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna deiliskipulags Deildar og Landakots á Álftanesi varðandi dælustöð fráveitu.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja, tillögu skipulagsnefndar, frá fundi 24. apríl 2024, að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að deiliskipulagi Deildar og Landakots á Álftanesi sem gerir ráð fyrir lóð og byggingarreit vegna fráveitumannvirkja í samræmi við ákvæði aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030.

Í tillögunni er gert ráð fyrir 785 m² lóð. Innan byggingarreits er heimilt að reisa dælistöð fyrir

skólþ með þeim tækjabúnaði sem stöðin krefst í samræmi við reglugerð um fráveitu og skólþ nr. 789/1999. Til bráðabirgða verði heimilt að reisa mannvirki, s.s. gám fyrir grófhreinsun á skólþi sem í dag rennur óhreinsað út í sjó við Hrakhólma.

Heildarbyggingarmagn lóðar er allt að 100 m² að grunnfleti og hámarkshæð fyrir bráðabirgðar mannvirki er allt að 3 metrar (22 feta gámur).

Til frambúðar er gert ráð fyrir niðurgrafinni dælustöð, allt að einn meter að hæð þaðan sem skólþi verður dælt til varanlegrar hreinsistöðvar sem verður á öðrum stað.

Við framkvæmdir skal þess gætt að jarðrask verði sem allra minnst og frágangur á yfirboði falli sem best að landslagi.

Kynna skal tillöguna sérstaklega fyrir eigendum aðliggjandi húsa við Hólmatún.

7. 2208311 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag athafnahverfis í Búðum.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar frá fundi 24. apríl 2024, að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga deiliskipulag athafnahverfis í búðum.

Tillagan var kynnt á íbúafundi sem haldinn var 11. mars 2024.

Ákvæði er varðar skilti hefur verið breytt lítilllega vegna umsagnar Heilbrigðiseftirlits.

8. 2208310 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag íbúðahverfis í Bæjargili.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar frá fundi 24. apríl 2024, að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga deiliskipulag Bæjargils.

Tillagan var kynnt á íbúafundi sem haldinn var 11. mars 2024.

9. 2403120 - Samstarfssamningur við Grósku, samtök myndlistarmanna og áhugamanna um myndlist í Garðabæ.

Samstarfssamningur Garðabæjar við Grósku, samtök myndlistarmanna og áhugamanna um myndlist í Garðabæ lagður fram. Bæjarráð staðfestir samninginn. Samningurinn er til þriggja ára, 2024-2026, með fastri árlegri fjárhæð kr. 1.900.000.

10. 2404442 - Erindi Hjólreiðafélags Reykjavíkur varðandi fjallahjólámót í nágrenni höfuðborgarsvæðisins, dags. 21. apríl 2024.

Erindi Hjólreiðafélags Reykjavíkur um heimild til að halda fjallahjólámót þann 8. júní 2024, í staðinn fyrir Bláalónspraut, sem ekki er hægt að setja á dagskrá vegna jarðhræringa í Grindavík. Gert er ráð fyrir hjólaleið í gegnum nokkur sveitarfélög. Rásmark í Heiðmörk og hjólað á veginum í áttina að Kaldárseli, kringum Búrfell og aftur til baka.

Bæjarráð vísar erindinu til umhverfissviðs.

11. 2301120 - Upplýsingar um fjölda leikskólabarna og stöðu innritunar.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs gerði grein fyrir minnisblaði um stöðu innritunar í leikskólum Garðabæjar, dags. 30. apríl 2024.

Fram kom að með tilkomu Urriðabóls við Holtsveg og fjölgunar í leikskóladeild Urriðaholtsskóla eru leikskólaláss í Garðabæ orðin 1520.

Þá kom fram að þrír innritunarfundir hafi verið haldnir í apríl, þar sem alls voru innrituð 297 börn með nýjar umsóknir. Einnig voru afgreiddar 240 beiðnir foreldra um flutning á börnum á milli leikskóla í sveitarfélaginu. Öllum börnum á biðlista sem fædd eru í júlí 2023 eða eldri, var boðin leikskólavist.

Í næstu úthlutun í maí munu leikskólar bjóða börnum fæddum í ágúst 2023 og fyrr leikskólapláss og í ágúst munu leikskólar bjóða börnum af biðlista í þau pláss sem þá standa til boða m.t.t. mönnunar.

12. 2404463 - Bréf Grindavíkurbæjar varðandi upplýsingar um stöðu leik- og grunnskóla og frístundastarfs Grindavíkur.

Lagt fram bréf Grindavíkurbæjar þar sem m.a. kemur fram að ekkert skólastarf verður í Grindavík næsta skólaár. Safnskólar fyrir leik- og grunnskóla verða lagðir af og þess í stað lögð áhersla á að börn sækji skóla næst sínu heimili.

13. 2404471 - Skýrsla Sorpu bs. um hátækniþrenslu.

Lögð fram.

14. 2404492 - Bréf SSH um breytingar á sameiginlegum reglum um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu og um breytingar á gjaldskrár þjónustunnar, dags. 24. apríl 2024.

Í bréfinu kemur fram að niðurstaða fundar stjórnar SSH hafi verið að senda drög að breyttum reglum og nýjum gjaldskrár til þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að Pant. Jafnframt verði tillagðar breytingar kynntar fyrir hagsmunasamtökum notenda.

Bréfinu fylgdu tillögur að breytingum á sameiginlegum reglum fyrir sameiginlega akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu nr. 645/2020 og tillögur að uppfærðri gjaldskrá akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Bæjarráð vísar erindinu til afgreiðslu hjá bæjarstjóra.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Stjórn Hönnunarsafns Íslands 01. fundur 2024

Föstudaginn 15. mars 2024 kl. 14:00 kom stjórn Hönnunarsafns Íslands saman til fundar Hönnunarsafn Íslands.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Vera Rut Ragnarsdóttir aðalmaður, Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Linda Udengård forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2309001HO - Rekstur 2023

Samkvæmt rekstrarreikningi frá 21 febrúar er rekstur 205.000 undir áætlun.

2. 2402002HO - Leki skólp í varðveislurými 13 febrúar 2024

Lagnir undir varðveislurými safnsins voru myndaðar í kjölfar þess að þrisvar sinnum hefur komið upp skólp í rýmið frá því í haust. Í ljós kom sig á lögnum og fór Reginn í viðgerðir. Færa varð safngripi til í önnur rými. Ekki tókst að finna orsök vandamálsins og Vatnsveita Garðabæjar hefur verið kölluð til.

Forstöðumaður og stjórn hafa áhyggjur af ástandinu á varðveislurýminu en þar er einnig flókið og mikið vatnslagnakerfi í loftum sem er komið til ára sinna. Stjórn safnsins, yfirmaður sviðsins og bæjarstjóri hafa lýst áhyggjum sínum við viðskipta- og menningarmálaráðuneytið. Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs mun ítreka beiðni um fundarboð frá ráðuneytinu.

3. 2402003HO - Dagatal 2024

Þessar sýningar standa nú yfir í safninu:

Hönnunarsafnið sem heimili, sett upp sem grunnmynd af heimili með 200 gripum úr safneign.

Gullsmíður í vinnustofudvöl - Marta Staworowska

Skart - samstarf við Textílfélagið í tilefni af 50 ára afmæli félgasins

Sýningar framundan:

Hvernig dans varð að vöruhönnun, framlag safnsins á Barnamenningarhátíð opnar 22. apríl

Hvernig dans varð að vöruhönnun, framlag safnsins á HönnunarMars opnar 23. apríl

Greinar og Strá - samstarf við Textílfélagið opnar 17. júní

Körfugerðarkona í vinnustofudvöl opnar 17 júní

Viðburðir framundan:

Textílsmiðja fyrir alla fjölskylduna sunnudaginn 7. apríl

Fyrirlestur um Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt, sunnudaginn 21. apríl

Opnun Hvernig dans varða að vöruhönnun, Barnamenningarhátíð 22. apríl

Opnun Hvernig dans varð að vöruhönnun, HönnunarMars 23. apríl

Uppskeruhátíð í vinnustofudvöl hjá Mörtu Staworowsku 23. apríl

Uppskeruhátíð Barnamenningarhátíðar í Garðabæ 27. apríl

Flugdrekasmiðja sunnudaginn 5 maí

leiðsögn um sýninguna Hönnunarsafnið sem heimili, sunnudaginn 19. maí

Móttaka skólahópa í tengslum við Barnamenningarátíð
Hvernig dans varða að vöruhönnun, leiksýning og smíðja fyrir 4. bekk. Tekið verður á móti samtals 12 bekkjum.
Bingó smíðja, leikur að orðum fyrir 7. bekk. Tekið verður á móti samtals 9 bekkjum.

4. 2306001HO - Stefnumótun 2023 - 2027

Sérstök áhersla verður lögð á að vinna ítarlegri söfnunarstefnu fyrir safnið. Byrjað verður á stefnu fyrir keramik og húsgögn.

5. 2403003HO - Manfreð Vilhjálmsson

Manfreð Vilhjálmsson, arkitekt, skrifaði undir gjafabréf þar sem hann færði safninu frumrit af teikningum sínum sem spanna megnið af ævistarfi hans.

6. 2403002HO - Styrkir 2024

Safnið hlaut þrjá styrki frá Safnasjóði fyrir árið 2024 samtals 6,5m

Verkefnin sem hlutu styrk voru:

Átak í skráningu og grisjun - framhald - 2.500.000 kr

Bók um Svein Kjarval eftir Arndísi S. Árnadóttur - 1.500.000 kr

Hönnuðir í opinni vinnustofu - lifandi sýning - 2.500.000 kr

Styrkirnir endurspeгла áherslur á lifandi starf, rannsóknir og skráningu

7. 2403001HO - Virk starfsendurhæfing

Safnið var eitt af 15 samstarfsaðilum Virk starfsendurhæfingar sem var tilnefnt til viðurkenningarinnar VIRKt fyrirtæki 2024. Tvö fyrirtæki af þeim 15 sem eru tilnefnd munu svo hljóta viðurkenninguna í ár og verða sigurvegarar tilkynntir á ársfundi VIRK 29. apríl 2024.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
19. fundur 2024

Mánudaginn 29. apríl 2024 kl. 16:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir formaður, Haukur Þór Hauksson aðalmaður, Inga Rós Reynisdóttir aðalmaður, Maria Eugenia Aleman Henriquez varamaður, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningar sviðs, Kristín Hemmert Sigurðardóttir fulltrúi leikskólastjóra, Guðrún Viktoría Skjaldardóttir fulltrúi starfsmanna, Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólafulltrúi og Sandra Hrönn Traustadóttir fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Hanna Halldóra Leifsdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2401159 - Þróunarsjóður leikskóla - 2024 - 2025

Farið yfir umsóknir í Þróunarsjóð leikskóla. Að þessu sinni bárust 9 umsóknir frá 5 leikskólum og sótt var um samtals fyrir 8.435.000.

2. 2404244 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Umsókn í Þróunarsjóð frá leikskólanum Hæðarbóli. Anna Svanborg Kristlaugsdóttir aðstoðarleikskólastjóri kynnti Leggjum við hlustir, börn hafa rödd.

3. 2404243 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Umsókn í Þróunarsjóð frá leikskólanum Kirkjubóli. Ragnheiður A Haraldsdóttir leikskólastjóri kynnti verkefnið Leið til sjálfstæðis, matstofan í Kirkjubóli.

4. 2404246 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Umsókn í Þróunarsjóð frá 5 ára deild Sjálandsskóla. Elín Ósk Þorsteinsdóttir leikskólastjóri kynnti verkefnið Sjö venjur kátra krakka.

5. 2404245 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Umsókn í Þróunarsjóð frá 5 ára deild Sjálandsskóla. Elín Ósk Þorsteinsdóttir leikskólastjóri kynnti verkefnið Brú á milli leikskóla og grunnskóla - Börn í samvinnu.

6. 2404247 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Umsókn í Þróunarsjóð frá Urriðaholtsskóla. Þorgerður Anna Arnardóttir skólastjóri kynnti verkefnið Drullueldhús.

7. 2404242 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Umsókn í Þróunarsjóð frá Urriðaholtsskóla. Þorgerður Anna Arnardóttir skólastjóri kynnti verkefnið Öll börn eru okkar börn.

8. 2404248 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Umsókn í Þróunarsjóð frá leikskólanum Lundabóli. Björg Helga Geirsdóttir leikskólastjóri kynnti verkefnið Babblar persónur - máltaka yngstu barnanna.

9. 2404249 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Umsókn í Þróunarsjóð frá leikskólanum Lundabóli. Björg Helga Geirsdóttir leikskólastjóri kynnti verkefnið Að efla orðaforða og hugtök í gegnum leik.

10. 2404250 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Umsókn í Þróunarsjóð frá leikskólanum Lundabóli. Björg Helga Geirsdóttir leikskólastjóri kynnti verkefnið Leikur að læra.

11. 2301120 - Lykiltölur í leikskólastarfi - Staða innritunar - apríl 2024

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs gerði grein fyrir minnisblaði um stöðu innritunar í leikskólum Garðabæjar, dags. 30. apríl 2024.

Fram kom að með tilkomu Urriðabóls við Holtsveg og fjölgun í Urriðaholtsskóla eru leikskólapláss í Garðabæ orðin 1520.

Þá kom fram að þrír innritunarfundir hafi verið haldnir í apríl, þar sem alls voru innrituð 297 börn með nýjar umsóknir. Einnig voru afgreiddar 240 beiðnir foreldra um flutning á börnum á milli leikskóla í sveitarfélaginu. Öllum börnum á biðlista sem fædd eru í júlí 2023 eða eldri, var boðin leikskólavist.

Í næstu úthlutun munu leikskólar bjóða börnum fæddum í ágúst 2023 og fyrr leikskólapláss og í ágúst munu leikskólar bjóða börnum af biðlista í þau pláss sem þá standa til boða m.t.t. mönnunar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
57. fundur 2024

Mánudaginn 22. apríl 2024 kl. 16:30 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Guðrún Arna Sturludóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson formaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Steinunn Vala Sigfúsdóttir varamaður og Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2310233 - Íbúakönnun - Þjónustukönnun Gallup 2023

Hulda Hauksdóttir deildarstjóri þjónustu kynnti niðurstöðu þjónustukönnunar Gallup 2023 fyrir menningar- og safnanefnd.

Gestir

hulda hauksdóttir - 16:30

2. 2404396 - Hvatningarsjóður ungra listamanna og hönnuða 2024

Nefndin fór yfir umsóknir um styrki úr hvatningarsjóði en alls sjö umsóknir bárust. Fulltrúar ungmennaráðs munu funda með menningarfulltrúa og veita álit á umsóknum. Menningar- og safnanefnd mun líta til álits ungmennaráðs þegar ákvörðun um styrkveitingar verður tekin.

3. 2402168 - Jazzþorpið í Garðabæ

Menningarfulltrúi kynnti dagskrá Jazzþorpsins og greindi frá hvernig undirbúningur gengur en hátíðin fer fram helgina 3. - 5. maí á Garðatorgi. Hátíðin er haldin í annað sinn í breyttu formi og fjöldi fyrsta flokks tónlistarmanna koma fram á alls 9 tónleikum en auk þess verða flutt fræðsluerindi og spurningakeppni fer fram. Rekstraraðilar á torginu munu taka þátt með lengri opnunartíma og tilboðum. Veitingasala í Jazzþorpinu verður líkt og í fyrra og gæsla í höndum Hjálparsveita skáta í Garðabæ.

4. 2403122 - Barnameningarhátíð í Garðabæ 2024

Barnameningarhátíð í Garðabæ stendur yfir dagana 22. - 27. apríl og hófst með dagskrá í Minjagarðinum á Hofsstöðum fyrir 3. bekkinga, ritmiðjum á Bókasafni fyrir 5. bekkinga, dagskrá á Hönnunarsafni Íslands fyrir 7. bekkinga og danspartýi á Garðatorgi fyrir 1. bekkinga. Opnum Barnameningarhátíðar fór fram á Hönnunarsafninu þar sem rúmlega 50 fulltrúar 4. bekkinga opnuðu sýninguna Blómahaf sem samanstendur af 278 blómum. Sýning á verkum leikskólabarna verður einnig opnuð á Bókasafni Garðabæjar en hátíðinni lýkur með dagskrá fyrir alla fjölskylduna laugardaginn 27. apríl (sjá meðfylgjandi auglýsingu).

5. 2403120 - Gróska samstarfssamningur

Samningur Grósku samþykktur af hálfu menningar- og safnanefndar. Samningur fer til umræðu í

bæjarráði.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar

5. fundur 2024

Miðvikudaginn 24. apríl 2024 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigprúður Ármann varamaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2110129 - Arnarland. Deiliskipulag

Jóhanna Helgadóttir arkitekt hjá Nordic og Lilja Karlsdóttir samgönguverkfræðingur hjá VSB kynntu tillögu að deiliskipulagi Arnarlands sem er í mótun. Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

2. 2404386 - Eskiás 7 og 10 - Deiliskipulagsbreyting

Lögð fram umsókn um breytingu deiliskipulags Ása og Grunda sem nær fjölbýlishúsa við Eskiás 6,7,8 og 10. Sigurður Einarsson arkitekt hjá Batteríinu gerði grein fyrir ástæðum umsóknarinnar fyrir hönd uppbyggingaraðila. Vísað til skoðunar hjá Umhverfissviði og deiliskipulagsráðgjafa.

3. 2312130 - Hnoðraholt norður - Uppfærsla deiliskipulags

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hnoðraholt norðurs sem gerir ráð fyrir uppfærslu deiliskipulagsskilmála ásamt fjölgun íbúða í fjölbýlishúsum norðan Vorbrautar um 13. Athugasemdir og umsagnir sem bárust á auglýsingartíma lagðar fram ásamt minnisblaði deiliskipulagshöfundar.

Skipulagsnefnd leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á tillögunni og þar með brugðist við umsögnum og athugasemdum.

-bílastæðum á lóð að Vorbraut 19 verði fjölgað úr 6 í 8.

-að leiðrétt verði villa um breidd byggingarreits á mæliblaði lóðarinnar Vorbraut 7.

-að legu aðkomuramps fyrir bílageymslu á lóðinni Vorbraut 3 verði breytt.

-að fjölgað verði íbúðareiningum á lóðinni Vorbraut 5 um 2, Vorbraut 11 um 1, Vorbraut 15 um 2 og Vorbraut 17 um 1.

-að hámarksbyggingarmagn einbýlishúsa við Skerpluholt verði aukið um 15 fermetra, úr 225 í 240.

-að breytingar verði gerðar á kafla 1.3. í skipulagsgreinargerð sem gerir ráð fyrir því að raðhúslengjur við Vorbraut í austasta hluta deiliskipulagsvæðis Hnoðraholt norður verði talið til Hnoðraholt suðurs í viðmiðunartöflum rammahluta aðalskipulags fyrir Vífilsstaðaland enda eru þau innan landnotkunarreits Hnoðraholt suður á aðalskipulagsupprætti.

-að breidd raðhúslóðanna við Útholt 5-9 verði minnkaðar lítillega.

Að mati skipulagsnefndar kalla breytingar á tillögu ekki á endurauglýsingu hennar.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með ofangreindum breytingum sem breytingu deiliskipulags Hnoðraholt norður í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

4. 2312167 - Hnoðraholt norður - Breytingar á fjölbýlishúsum norðan Vorbrautar

Sjá bókun vegna fundarliðar nr.3, Hnoðraholt norður-Uppfærsla deiliskipulags. Málsnr.2312130.

5. 2404156 - Hnoðraholt norður - fjölgun íbúða í raðhúsum

Sjá bókun vegna fundarliðar nr.3, Hnoðraholt norður-Uppfærsla deiliskipulags. Málsnr.2312130.

6. 2402386 - Vorbraut 8-12 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Sjá bókun vegna fundarliðar nr.3, Hnoðraholt norður-Uppfærsla deiliskipulags. Málsnr.2312130.

7. 2402558 - Stekkholt 22 - Dsk.br.

Lögð fram umsókn um breytingu deiliskipulags Hnoðraholt norður sem nær til einbýlishúslóðarinnar Stekkholt 22 ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar.

Tillagan gerir ráð fyrir því að byggingarreitur færist til austurs og að byggingarmagn aukist.

Skipulagsnefnd metur breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Hnoðraholt norður í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.sömu laga.

Grenndarkynna skal eigendum Stekkholts 20, 51 og 53 sem og Vorbrautar 17 og 19. Ennfremur eigendum Þrymsala 18 og 19 og Þrúðsala 16,17 og 18 í Kópavogi.

8. 2404300 - Skerpluholt 6, 8, 10 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Fyrirspurn vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar.

9. 2403405 - Hólmatún dsk. br. - Dælustöð fráveitu

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Deildar og Landakots á Álftanesi sem gerir ráð fyrir lóð og byggingarreit vegna fráveitumannvirkja í samræmi við ákvæði Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030.

Gert er ráð fyrir 785 m² lóð. Innan byggingarreits er heimilt að reisa dælistöð fyrir skólpi með þeim tækjabúnaði sem stöðin krefst í samræmi við reglugerð um fráveitu og skólpi nr. 789/1999. Til bráðabirgðar verði heimilt að reisa mannvirki, s.s. gám fyrir grófhreinsun á skólpi sem í dag rennur óhreinsað út í sjó við Hrakhólma.

Heildarbyggingarmagn lóðar er allt að 100 m² að grunnfleti og hámarkshæð fyrir bráðabirgðar mannvirki er allt að 3 m.(22 feta gámur).

Til frambúðar er gert ráð fyrir niðurgreifni dælustöð, allt að 1 m að hæð þaðan sem skólpi verður dælt til varanlegrar hreinsistöðvar sem verður á öðrum stað.

Við framkvæmdir skal þess gætt að jarðrask verði sem allra minnst og frágangur á yfirboði falli sem best að landslagi.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar skv. 1.mgr.41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

Kynna skal tillöguna sérstaklega fyrir eigendum aðliggjandi húsa við Hólmatún.

10. 2403204 - Hestamýri 1-3 - dsk br. Breiðamýri

Lögð fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir aukningu byggingarmagns

fjölbýlishúsa í Hestamýri. Byggingarmagn miðast við 10.000 m² í Hestamýri samkvæmt ákvæðum deiliskipulagsins. Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfundar sem er jákvæð gagnvart hóflegri aukningu byggingarmagns á meðan ákvæði um uppbot efstu hæða eru uppfyllt. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun íbúðareininga.

Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði og deiliskipulagsráðgjafa.

11. 2311113 - Hæðir, endurskoðað deiliskipulag.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Hæðahverfis að lokinni forkynningu ásamt umsögnum og athugasemdum sem borist hafa.

Tillögunni er ætlað að leysa af deiliskipulags Bæjargils II áfangi sem nú er í gildi.

Gerð hefur verið sú breyting frá forkynntri tillögu að raðhúslóðin Blómahæð 7 stækkar að göngustíg.

Skipulagsnefnd leggur til að í grein 3.1. í greinargerð verði bætt við eftirfarandi setningu: "Á lóðinni er gert ráð fyrir leikskóla. Fjöldi barna eða deilda takmarkast við það byggingarmagn og fjölda bílastæða sem heimiluð eru á lóðinni."

Skipulagsnefnd vísar tillögunni með ofangreindri breytingu til auglýsingar í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

12. 2208310 - Bæjargil, endurskoðað deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi íbúðarhverfis í Bæjargili að lokinni forkynningu ásamt umsögnum sem borist hafa.

Umsagnir hafa ekki gefið tilefni til breytingar á forkynntri tillögu.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

13. 2208311 - Búðir, athafnasvæði, endurskoðað deiliskipulag.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi athafnahverfis í Búðum að lokinni forkynningu ásamt umsögnum sem borist hafa.

Umfjöllun um skilti hefur verið breytt lítilllega vegna umsagnar Heilbrigðiseftirlits.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

14. 2404283 - Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna Þorlákstúns.

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við lýsinguna.

15. 2302193 - Ásahverfi, farsímasamband.

Vísað til skoðunar hjá Umhverfissviði.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Velferðarráð Garðabæjar

4. fundur 2024

Miðvikudaginn 17. apríl 2024 kl. 16:00 kom velferðarráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Tamar Klara Lipka Þormarsdóttir aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Snædís Björnsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2301082 - Jafnréttisáætlun Garðabæjar 2024-2026

Áframhaldandi vinna við gerð aðgerðaáætlunar jafnréttisstefnu Garðabæjar fyrir árin 2024-2026.

2. 2404062 - Tillögur að auknum náms- og starfstækifærum fyrir fatlað fólk

Nýútkomin skýrsla starfshóps um aukin náms og starfstækifæri fyrir fatlað fólk lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

23. fundur heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Dagsetning: 29.4.2024

Fundartími: 16:30 – 18:30

Mætt til fundar:

Linda Hrönn Þórisdóttir formaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Svanur Karl Grjetarsson aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Ríkhildur F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Katrín Huld Káradóttir deildarstjóri matvæla

Dagskrá fundarins:

1. Hæðir - deiliskipulag, forkynning endurskoðun

Heilbrigðiseftirlitið hefur fengið til umsagnar deiliskipulagstillögu fyrir Hæðir, Garðabæ. Um er að ræða deiliskipulag fyrir þegar byggt þéttbýlissvæði.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna, en vekur athygli á að sveitarfélagið áskilur sé rétt til að setja upp frekari hljóðvarnir eða jarðvegsmanir en sýndir eru á uppdrætti ef þörf krefur. Mikilvægt er að sveitarfélagið fylgist með breytingu á hljóðvist vegna umferðar um Reykjanesbraut og gerðar séu hljóðvistarmælingar til að meta hvort þörf er á breytingum. Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að ofanvatni af götum og sléttum flötum er beint að Arnarneslæk sem rennur í gegnum deiliskipulagssvæðið og því áriðandi að íbúum sé kynnt mikilvægi þess að gæði vatns í Arnarneslæk verði ekki skert með óáskilegri útskolun t.d. olíufna í rennusteina eða regnvatnslagnir.

Heilbrigðisnefnd tekur undir afgreiðslu heilbrigðieftirlits.

2. Deiliskipulag Búðir, athafnasvæði í Garðabæ

Heilbrigðiseftirlitið hefur fengið til umsagnar deiliskipulagstillögu fyrir Búðir, athafnasvæði. Um er að ræða deiliskipulag fyrir þegar byggt þéttbýlissvæði.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna, en vekur athygli á að sveitarfélagið áskilur sé rétt til að setja upp frekari hljóðvarnir eða jarðvegsmanir en sýndir eru á uppdrætti ef þörf krefur. okkuð hefur borið á kvörtunum vegna hávaða frá atvinnustarfsemi á svæðinu og því mikilvægt að ákvæðum hávaðareglugerðar sé fylgt og jafnvel sé þess getið í deiliskipulagi að fylgja skuli ákvæðum reglugerðar um hávaða nr.724//2008.Þá vekur heilbrigðiseftirlitið athygli á að í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er gert ráð fyrir að gerð sé grein fyrir ákvæðum um skilti og að þau séu í samræmi við markmið aðalskipulags og að í sérstakri samþykkt bæjarstjórnar um skilti skulu m.a. vera ákvæði um gerð, stærðir og yfirbragð skilta og merkinga. Að mati heilbrigðiseftirlits er nauðsynlegt að gera ítarlegri grein fyrir skilyrðum varðandi stærð skilta, birtustigi þeirra og staðsetningu í deiliskipulaginu, enda liggur

SKL
JL
AM

athafnasvæðið nálægt næstu íbúðarbyggð og jafnframt meðfram stofnvegi. Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að ofanvatni af götum og sléttum flötum er beint að Arnarneslæk sem rennur í nálægð við deiliskipulagssvæðið og því áriðandi að íbúum og forráðamönnum fyrirtækja sé kynnt mikilvægi þess að gæði vatns í Arnarneslæk verði ekki skert með óæskilegri útskolun t.d. olíufna í rennusteina eða regnvatnslagnir. Þá séu ítrekuð skilyrði þess að í öllum tilfellum sé komið fyrir fullnægjandi mengunarvörnum s.s. olíu-, sand- og fituskiljum og leita skuli til heilbrigðiseftirlits varðandi það hvort viðkomandi búnaður sé í samræmi við ákvæði reglugerða og leiðbeininga. Þar sem um er að ræða blandaða byggð þar sem íbúðir eru heimilaðar á efri hæðum atvinnuhúsnæðis er mikilvægt að atvinnustarfsemi valdi ekki truflunum varðandi hljóðvist, titring og lykt. Skoða þarf hvort setja eigi í skilmála ákvæði byggingarreglugerðar um að reyklusun frá atvinnustarfsemi sé undantekningarlaust veit upp fyrir þakbrún til að tryggja að ekki verði truflun í viðkomandi húsum varðandi lykt og brunavarnir.

3. Deiliskipulag fyrir Bæjargil

Heilbrigðiseftirlitið hefur fengið til umsagnar deiliskipulagstillögu fyrir Bæjargil. Um er að ræða deiliskipulag fyrir þegar byggt þéttbýlissvæði.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna, en vekur athygli á að sveitarfélagið áskilur sé rétt til að setja upp frekari hljóðvarnir eða jarðvegsmanir en sýndir eru á uppdrætti ef þörf krefur. Nokkuð hefur borið á kvörtunum vegna hávaða frá atvinnustarfsemi í nærliggjandi hverfi og því mikilvægt að ákvæðum hávaðareglugerðar sé fylgt og jafnvel sé þess getið í deiliskipulagi. Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að ofanvatni af götum og sléttum flötum er beint að Arnarneslæk sem rennur í nálægð við deiliskipulagssvæðið og því áriðandi að íbúum sé kynnt mikilvægi þess að gæði vatns í Arnarneslæk verði ekki skert með óæskilegri útskolun t.d. olíufna í rennusteina eða regnvatnslagnir.

4. Breyting á deiliskipulagi Hvaleyrarholts, íbúðabyggð á Þorlákstúni

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur óskað eftir umsögn heilbrigðisnefndar við eftirfarandi mál, breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 vegna Þorlákstúns. Úr skógræktar- og landgræðslusvæði (SL4) í íbúðabyggð (stækkun ÍB7), nr. 0436/2024. Gert er ráð fyrir íbúðabyggð með u. þ. b. 50 íbúðum. Deiliskipulagstillagan miðar að því að framtíðarbyggð verði í sem bestu samræmi við umhverfið og aðliggjandi byggð.

Svæðið sem um ræðir er um 6 ha að stærð, grasi vaxið holt, en jafnframt eru nýjar fyllingar í tengslum við tvöföldun Reykjanesbrautar. Að svæðinu liggur Reykjanesbraut til suðurs. Samkvæmt tillögunni verður nýja byggðin um 30 metra frá brautinni. Í greinargerð með tillögunni er bent á að það sé svipuð fjarlægð og sérbýlishúsin við Bæjargil og Súlnes í Garðabæ

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við þéttingu byggðar samkvæmt skipulaginu en bendir á að Reykjanesbrautin stendur töluvert lægra en hin fyrirhugaða byggð en enga síður er byggðin skipulögð mjög nálægt brautinni. Því er mikilvægt að vel sé hugað að hljóðvörnum gagnvart hávaða frá Reykjanesbrautinni og komið sé í veg fyrir eða dregið eins og mögulegt er úr skaðlegum áhrifum af völdum hávaða á íbúa í fyrirhugaðri byggð.

5. Deiliskipulag landbúnaðarsvæðis í landi Dallands

Óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi fyrir landbúnaðarsvæði í landi Dallands. Skipulagssvæðið er í suðurhluta Mosfellsbæjar, norðan við Selvatn og fyrir sunnan Nesjavallaveg. Skipulagssvæðið er um 10,5 ha að stærð og er um landspildu að ræða úr landi með eitt landnúmer (L123625). Deiliskipulagstillagan felur í sér heimild til að byggja íbúðarhús, hesthús og reið- eða vélaskemmu. Heildarbyggingamagn innan landspildunnar skal ekki vera meira en 1.500 m².

SÁK't
LH
H
H

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við auglýsta deiliskipulagsbreytingu.

6. Deiliskipulagsáætlanir fyrir borteiga Coda Terminal

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 17. janúar 2024 að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna borteiga samhliða gerð nýrra deiliskipulagsáætlana og breytingum áætlana sem þurfa að koma til vegna þessa verkefnis. Skipulags- og matslýsing var auglýst með athugasemdafresti til 29. febrúar sl. Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 21. mars 2024 var samþykkt að tillaga, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 -2025 vegna borteiga, verði auglýst. Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 10. apríl var erindið samþykkt.

Heilbrigðisnefnd hefur áður fjallað um áform Coda Terminal s.s. um stækkun hafnar í Straumsvík og eins í matsáætlun Coda Terminal. Mikilvægt er að þær framkvæmdir sem heimilaðar eru í skipulaginu sé með þeim hætti að ekki verði mengun á grunnvatni, þannig að fyrrgreind umhverfismarkmið náist, þannig að ástand vatnshlötanna rýrni ekki, hvorki varanlega né tímabundið. Því er mikilvægt að gerðar séu ráðstafanir og staða vatnshlotsins vöktuð, þannig að ef fyrirhugaðar framkvæmdir eða starfsemi hafa áhrif á þá magnstöðu eða efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins, að hægt sé að gera ráðstafanir til að ná þeim markmiðum, sem gerð eru samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Lögð er áhersla á í deiliskipulagi að borteigar og mannvirki séu hönnuð á þann hátt að þeir falli vel að landslagi og umhverfi á hverjum stað. Þá vekur heilbrigðisnefnd athygli á að svarf eða annað setefni frá borframkvæmdunum skal fella úr frárennslisvatni áður en það er leitt í jörðu og þar sem unnið er með olíu eða önnur spilliefni á borplani skal vera olíuheldur dúkur með afrennsli í olíuskilju.

7. Stækkun hafnar í Straumsvík - matsáætlun til kynningar

Skipulagsstofnun hefur tekið til afgreiðslu matsáætlun fyrir stækkun Straumsvíkurhafnar að loknum athugasemdartíma. Heilbrigðisnefnd skilaði inn umsögn dags. 16. febrúar 2024. Umsagnir bárust frá 7 öðrum umsagnaraðilum. Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarhafnar að stækkun hafnarsvæðisins í Straumsvík og gerð grein fyrir hvernig sveitarfélagið hyggt standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim.

Lagt fram til kynningar.

8. Heilbrigðisfulltrúanámskeið

Umhverfisstofnun í samstarfi við Matvælastofnun hafa tilkynnt að að námskeið fyrir verðandi heilbrigðisfulltrúa verði haldið í apríl og maí n.k. Þrír starfsmenn frá HEF munu sækja námskeiðið.

Umhverfisstofnun og matvælastofnun hafa tilkynnt að næsta námskeið fyrir heilbrigðisfulltrúa hefjist fimmtudaginn 4. apríl. Námskeiðið er í tveimur hlutum, annar á vegum Umhverfisstofnunar en hinn hlutinn á vegum Matvælastofnunar. Þátttakendur fá 6 vikur til að ljúka hvorum áfanga. Námskeiðin eru kennd á Teams. HEF mun senda þrjá fulltrúa á námskeiðið.

Heilbrigðisnefnd fagnar fyrirhugaðri fræðslu og réttindanámskeiðum fyrir heilbrigðisfulltrúa á þessum óvissutímum þar sem fyrirætlanir eru uppi um að leggja niður heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og færa framkvæmd heilbrigðiseftirlits til ríkisstofnanna, þ.e. Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar. Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að ekki er gerð krafa um réttindi eða sérstaka menntun þeirra eftirlitsaðila sem starfa hjá Matvælastofnun og Umhverfisstofnun með sama hætti og gert er til heilbrigðisfulltrúa.



9. Aukning í greiningu á Listeríu

Nýlega greindi sóttvarnarlæknir frá því að frá áramótum hafa komið upp 6 tilfelli með sýkingu af völdum *Listeria monocytogenes*. Erfitt er að rekja uppruna smits þar sem meðgöngutími listeríu er oftast langur, eða allt að þrjár vikur. Matvælastofnun hefur sent út fréttatilkynningu þar sem fram koma upplýsingar um þau matvæli sem *Listeria* getur fjölgað sér í sé hún til staðar. Jafnframt eru tilmæli til matvælafyrirtækja um aðgerðir til að minnka líkur á *Listeríusmiti* og ábendingar til neytenda um hvað þeir geta gert til að fyrirbyggja sjúkdóma af völdum *Listeríu*.

Í samráði við Matvælastofnun verður aukin áhersla í eftirliti með þeim áhættuþáttum sem hafa áhrif á hættu á *Listeríusmiti*.

Heilbrigðisnefnd þakkar kynninguna og hvetur matvælafyrirtæki að leggja sérstaka áherslu á góða starfshætti, s.s. að standa vel að þrifum á snertiflötum matvæla og að viðhaldi sé vel sinnt svo bakterían geti ekki búið um sig í framleiðslunni.

10. Stofnun stýrihóps um opinbert eftirlit

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og matvælaráðuneytið hafa ákveðið að skipa stýrihóp til þess að fylgja eftir tillögum starfshóps um opinbert eftirlit og undirbúa innleiðingu á nýju eftirlitskerfi. Stýrihópurinn verður skipaður einum fulltrúa frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, sem verður formaður stýrihópsins, einum fulltrúa frá matvælaráðuneytinu, einum fulltrúa frá innviðaráðuneytinu, einum fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum fulltrúa frá Samtökum heilbrigðiseftirlitasvæða á Íslandi og einum fulltrúa frá Samtökum atvinnulífsins sem og einum áheyrnarfulltrúa frá Samtökum atvinnulífsins. Með starfshópnum mun starfa ráðgjafi sem og tveir starfsmenn frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og matvælaráðuneytinu.

Það veur nokkra furðu að Samtök atvinnulífsins fá 2 fulltrúa í þennan stýrihóp en t.d. að félag heilbrigðisfulltrúa fá ekki fulltrúa í hópinn. Jafnframt veur það athygli að ekki eru fulltrúar Umhverfisstofnunar eða Matvælastofnunar í stýrihópnum.

11. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 27.03.2024

Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykka nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi .

12. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 10. apríl 2024

Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykka nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi .

13. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 17. apríl 2024

Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykka nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi .



14. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 24. apríl 2024

Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykkt nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi .


Undirskrift fundargerðar



Linda Hrönn Þórisdóttir formaður



Svannur Karl Grjetarsson aðalmaður



Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður



Hannes Trygvi Hafstein aðalmaður



Gnýr Guðmundsson aðalmaður



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**576. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 8. apríl 2024
og hófst hann kl. 12:45.**

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Samgöngusáttmálinn - Uppfærsla - 2003010

Framhald umræðu um stöðu viðræðna og næstu skref. Gert var ráð fyrir að samhliða framlagningu fjármálaáætlunar á Alþingi 8.apríl sæist fyrir enda viðræðna um uppfærslu Samgöngusáttmálans, en nú liggur fyrir að framlagningu áætlunarinnar hefur verið frestað.

Niðurstöður uppfærslunnar ættu að skýrast þegar áætlunin liggur fyrir.

Gestir

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari Garðabæjar

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Dagur B. Eggertsson

Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogsbæjar

Niðurstaða:

Umræður

2. Aðalfundur Betri samgangna ohf. 2024 - 2404001

Aðalfundur Betri samgangna ohf. verður haldinn 23. apríl nk., og er fundarboð fyrirbyggjandi. Gert er ráð fyrir að þrjú stjórnarmanna, auk eins varamanns, séu skipaðir samkvæmt tilnefningu stjórnar SSH og með vísan til 1. mgr. 63. gr. a í hlutafélagalögum er gert ráð fyrir að tilnefningar í stjórn berist félaginu í síðasta lagi fimm dögum fyrir aðalfund, þ.e. 18. apríl nk.

Niðurstaða:

Af hálfu SSH eru eftirfarandi tilnefnd til stjórnar Betri samgangna ohf.:

1. *Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogs.*

2. *Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, sem jafnframt er tilnefnd sem varaformaður Betri samgangna ohf.*



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

3. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Varamaður: Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

3. Akstursþjónusta fatlaðs fólks. - 2312005

Framhald umræðu frá 575. fundi. Fyrirliggjandi eru tillögur stjórnar akstursþjónustunnar Pant um breytingar á reglum um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu og um breytingar á gjaldskrár þjónustunnar. Farið er fram á að tillögurnar verði sendar hlutaðeigandi sveitarfélögum til efnislegrar afgreiðslu. Sigurbjörg Fjöl意思dóttir kynnir.

Gestir

Sturla Halldórsson deildarstjóri Pant akstursþjónustu

Sigurbjörg Fjöl意思dóttir sviðsstjóri velferðarsviðs Mosfellsbæjar

Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs.

Þórdís L. Guðmundsdóttir deildarstjóri velferðarsviði Reykjavíkurborgar

Niðurstaða:

Drög að breyttum reglum og nýjum gjaldskrár verði send þeim sveitarfélögum sem eru aðilar að Pant, þ.e. Reykjavík, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi til efnislegrar umræðu og afgreiðslu. Jafnframt verði tillagðar breytingar kynntar fyrir hagsmunasamtökum notenda.

4. Samhæfð svæðisskipan í málefnum barna - 2403007

Fyrirliggjandi er skjal með helstu niðurstöðum og tillögum að næstu skrefum hvað varðar samstarf um samhæfða svæðaskipan í málefnum barna/innleiðingu farsældarráða sem kynnt voru formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka hinn 22. mars 2024.

Settar eru fram tillögur um eflingu samstarfs í landshlutum til að miðla reynslu og góðum starfsháttum í því skyni að þetta netið og þjónusta í kringum börn. Tillögurnar miða þá að því efla svæðisskiptingu verkefna, styrkja stöðu landshlutasamtaka og skýra betur ábyrgðarskiptingu og kostnaðarskiptingu á milli landshlutasamtakana og sveitarfélaga og eins samskipti stjórnvalda og landhlutasamtakana. Verkefnið er ennþá í mótun en ráðherra kynnti niðurstöður og tillögur spretthóps í ríkisstjórn þann 22. mars sl.

Auglýst verður eftir 2-3 landshlutum til þátttöku í verkefni sem ætlað er að stuðla að heildstæðu og svæðisbundnu samtali og áætlanagerð varðandi aðgerðir í þágu farsældar barna, að þróa samstarfsnet fagaðila í landshlutanum, efla og samhæfa þjónustu á viðkomandi svæði og koma á svæðisbundnu farsældarráði. Endanlegt fyrirkomulag og kostnaðarskipting liggja ekki fyrir.

Svandís Ingimundardóttir kynnir.

Gestir

Svandís Ingimundardóttir sérfræðingur í mennta- og barnamálaráðuneyti

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra er falið að fara yfir málið og leggja fyrir stjórn að nýju.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Lagt fram til kynningar

5. Sóknaráætlun - áhersluverkefni 2024 - framlag URN - 2401008

Á 574. stjórnarfundum var lagt fram til kynningar minnisblað umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um framlag til landshlutasamtaka, að hámarki að fjárhæð 12,5 milljónir kr. vegna umhverfistengdra verkefna sem tengjast sóknaráætlun og framkvæmdastjóra falið að móta tillögur að verkefnum. Fyrirliggjandi er tillaga að verkefni til að vinna á árinu dags. 4. apríl 2024.

Niðurstaða:

Ekki gafst tími til að taka þennan dagskrárlið til umræðu og er honum því frestað.

6. Rvk Hringrásargarður á Álfsnesi - 2202007

Á 537. stjórnarfundum var samþykkt að svæðisskipulagsstjóri tæki sæti í starfshópi Reykjavíkurborgar sem var ætlað að taka afstöðu til og útfæra tillögur um hringrásargarð á Álfsnesi. Störfum hópsins lauk í byrjun árs 2024 í kjölfar framlagningar skýrslunnar "Hringrásargarður á Álfsnesi - fýsileikagreining" hjá borgarráði Reykjavíkur.

Fyrirliggjandi til kynningar er erindisbréf ódags. vegna áframhaldandi starfa starfshópsins sem er ætlað að taka útfæra tillögur um hringrásargarð á Álfsnesi enn frekar. Erindisbréfið var samþykkt á 5737. fundi Borgarráðs Reykjavíkur dags. 7. mars 2024.

Lagt er til að svæðisskipulagsstjóri sitji áfram í hópnum fyrir hönd SSH.

Niðurstaða:

Samþykkt

7. Höfuðborgargirðing - verðfyrirspurn - 1508001

Fyrirliggjandi til kynningar eru drög að verðfyrirspurn vegna ráðningar nýs verktaka til að sinna viðhaldi og eftirliti höfuðborgargirðingar. Fyrir liggur að verktaki sem hefur starfað fyrir SSH hefur tilkynnt um starfslok.

Niðurstaða:

Samþykkt að fara af stað með verðfyrirspurn á grundvelli fyrirliggjandi draga.

8. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 422. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 20. mars 2024 ásamt fylgigögnum.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

9. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 4. apríl 2024.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

10. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu - 1505001

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 42. fundar samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu dags. 12. mars 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 43. fundar samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu dags. 20. mars 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

11. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 13. mars 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

12. Önnur mál - 2110011

2110003 - Stafrænt ráð sveitarfélaga.

Bæjarstjóri Kópavogs óskar þess að ofangreint mál verði tekið til umræðu á næsta fundi stjórnar SSH.

Niðurstaða:

Samþykkt.

2311004 - Eldsumbrot í Grindavík.

Umræða um stofnframlög sem ætlað er að greiða fyrir kaupum á almennum íbúðum til að bregðast við húsnæðisvanda tekju- og eignaminni Grindvíkinga sem þurfa að leigja húsnæði til íbúðar utan Grindavíkur.

Niðurstaða:

Umræður.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**577. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 22. apríl 2024
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Samgöngusáttmálinn - Uppfærsla - 2003010

Framhald umræðu um stöðu viðræðna og næstu skref. Fyrir liggur að fjármálaáætlun 2025-2029 var lögð fram á Alþingi 16. apríl sl. og áframhaldandi umræða um uppfærslu sáttmálans hefur verið boðuð. Ítreka þarf ósk um fund stýrihóps Samgöngusáttmálans við fyrsta tækifæri svo unnt sé að ljúka uppfærslu sáttmálans.

Niðurstaða:

Umræður

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Kjósarhrepps tók sæti á fundinum.

2. Endurnotkun á textíl-tilraunaverkefni -Sóknaráætlun 2024 - 2404010

Framhald frá 576. fundi en þá var umræðu um þennan lið frestað. Á 574. stjórnarfundi var lagt fram til kynningar minnisblað umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um framlag til landshlutasamtaka, að hámarki að fjárhæð 12,5 milljónir kr., vegna umhverfistengdra verkefna sem tengjast sóknaráætlun og framkvæmdastjóra falið að móta tillögur að verkefnum. Fyrirliggjandi er tillaga að verkefni er varðar endurnot á textíl til að vinna á árinu dags. 4. apríl 2024. Jón Kjartan Ágústsson kynnir.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að framangreint verkefni verði unnið til samræmis við fyrirliggjandi tillögu og felur framkvæmdastjóra að ganga frá samningum við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Sorpu bs. þar að lútandi. Áður fari fram frekari greining á framlagi Sorpu bs. til verkefnisins.

3. Útivistarvefur hbsv. -Sóknaráætlun 2023 - 2303007



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ofangreint var tekið fyrir á 571. fundi hinn 8. janúar 2024 þar sem samþykkt var að hefja vinnu við gerð kröfulýsingar og val á samstarfsaðila við hönnun veflausna. Fyrirliggjandi eru niðurstöður vegna verðfyrirspurnar varðandi ofangreint. Lagt er til að framkvæmdastjóra SSH verði falið að ganga frá og undirrita verksamning á grundvelli þeirra. Jón Kjartan Ágústsson kynnir.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Samþykkt

4. Nýjar rannsóknarborholur í Bláfjöllum - 2107002

Mál þetta var síðast til umræðu á 557. fundi stjórnar en þá var eftirfarandi fært til bókar: "Á grundvelli ákvörðunar 553. fundar stjórnar SSH var farið í útboð vegna rannsóknarborhola í Bláfjöllum. Engin tilboð bárust en útboðið stóð yfir frá lokum mars til 2. maí. Fyrirliggjandi er minnisblað Jóns Kjartans Ágústssonar dags. 15. maí 2023 þar sem lagt er til að SSH verði falið að ganga til samninga við aðila á markaði um framkvæmd rannsóknarborhola í Bláfjöllum.

Endanleg drög að samningi verði lögð fyrir stjórn til samþykktar þegar þau liggja fyrir."

Fyrirliggjandi eru nú drög að samningi ásamt tillögum að nánari tilhögun verksins. Páll Björgvin Guðmundsson kynnir.

Lagt er til að framkvæmdastjóra SSH verði heimilað að ganga frá og undirrita verksamning við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða vegna borunar rannsóknarborhola í Bláfjöllum á grundvelli fyrirliggjandi draga að samningi dags. apríl 2024.

Þá verði framkvæmdastjóra SSH heimilað að ganga frá og undirrita verksamning við jarðvinnuverktaka þegar endanlegar niðurstöður verðfyrirspurnar, er varða þann verkþátt, liggja fyrir.

Þá er lagt til að stjórn samþykki tillögur að greiðslutilhögun og viðbrögðum við frávikum sbr. fyrirliggjandi minnisblað þar að lútandi dags. 22. apríl 2024.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Samþykkt

5. SSH Rekstur skrifstofu 2024 - 2401003

Fyrirliggjandi til kynningar er minnisblað framkvæmdastjóra dags. 19. apríl 2024 vegna sumarstarfs á skrifstofu SSH. Páll Björgvin Guðmundsson kynnir.

Niðurstaða:

Samþykkt

6. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu - 1505001



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 43. fundar samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu dags. 21. mars 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

7. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 126. fundar svæðisskipulagsnefndar dags. 12. apríl 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

8. Umsagnir þingmála - 1910005

Fyrirliggjandi til staðfestingar eru umsögn SSH um drög að borgarstefnu sem send var samráðsgátt stjórnvalda 10. apríl sl. að höfðu samráði við stjórn með tölvupóstum.

Niðurstaða:

Samþykkt

9. SORPA -Heildarlausn í úrgangsmálum - brennsla - 1908010

Skýrsla um hátæknibrennslu: Forverkefni nr 2: Samanburður tveggja kosta um uppbyggingu hátæknibrennslu á Íslandi, er komin út og var kynnt á kynningar- og umræðufundi kjörinna fulltrúa hinn 19. apríl sl. Lagt er til að skrifstofu SSH verði falið að senda aðildarsveitarfélögunum skýrsluna til umræðu.

Niðurstaða:

Samþykkt

10. Önnur mál - 2110011

Fyrir liggur að áður boðuðum aðalfundi Betri samgangna ohf. hefur verið frestað til 30. apríl nk.

Niðurstaða:

Umræður

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**47. fundur eigendafundar Sorpu bs.
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 8. apríl 2024
og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Svana Helen Björnsdóttir, Valdimar Víðisson, Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður eigendavettvangs, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. SORPA -Heildarlausn í úrgangsmálum - brennsla - 1908010

Framhald umræðu frá 46. fundi um forverkefni varðandi uppbyggingu "WtE" sorpokustöðvar en þá var stjórn Sorpu bs. falið að vinna áfram að fullmótun tillagna um áframhald verkefnisins í samráði við stýrihóp þess, en að þeirri vinnu lokinni yrðu þær kynntar eigendum og Stefnumráði byggðasamlaganna. Fyrirliggjandi er nú skýrsla um samanburð tveggja kosta um uppbyggingu hátækni-brennslu á Íslandi. Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. gerir grein fyrir niðurstöðum skýrslunnar, stöðu málsins og næstu skrefum. Umræður.

Gestir

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Endanlegar tillögur um mögulega stofnun undirbúningsfélags til að vinna að uppbyggingu hátækni-brennslu á Íslandi munu liggja fyrir í maí en málið verði kynnt kjörnum fulltrúum á höfuðborgarsvæðinu á örfundi 19. apríl nk.

2. Eigendasamkomulag vegna Álfsness - 2308006

Umfjöllun um aðgerðaáætlun viðauka við eigendasamkomulag frá 25. október 2013 vegna meðhöndlunar úrgangs í Álfsnesi og þær ráðstafanir sem kveðið er á um þar og eftirfylgni þeirra. Meðal annars er í viðaukanum kveðið á um frágang og framtíðarnýtingu svæðis urðunarstaðar í Álfsnesi en mikilvægt er að gengið verði frá svæðinu á fullnægjandi hátt. Ljóst er að Reykjavík, sem er eigandi landsins, hefur áhuga á aðkomu að málinu og stendur til að Reykjavík og Mosfellsbær vinni saman að áframhaldi þessa verkefnis en Sorpa bs. mun fjármagna verkefnið samkvæmt fyrirliggjandi fjárhagsáætlun. Gunnar Dofri Ólafsson kynnir.

Gestir



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Umræður

3. Frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamlaga - 2309018

Framhald umræðu frá 46. fundi en nú liggur fyrir að ekki verður að svo stöddu ráðist í endurskoðun tekjuskattslaga vegna athugasemda ESA varðandi tekjuskattsundanþágu byggðasamlaganna. Liggur því fyrir að vinna þarf að tilfærslu efnahagslegrar starfsemi Sorpu bs. í félag eða félög með takmarkaðri ábyrgð eiganda, með það að markmiði að koma til móts við bráðabirgðaákvörðun ESA. Frekari greining og vinnsla málsins stendur nú yfir hjá stjórn Sorpu bs. og lögmönnum hennar.

Gestir

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Stjórn Sorpu vinnur áfram að málinu og formar tillögur um framtíðarrekstrarform Sorpu bs. og einstakra verkefna þess til að leggja fyrir ESA. Áður verður farið yfir málið gagnvart stefnuráði og tillögur stjórnar Sorpu teknar til afgreiðslu þar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:45.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**126. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 12. apríl 2024
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Karen María Jónsdóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Orri Björnsson, Pawel Bartoszek, Stefán Már Gunnlaugsson, Sævar Birgisson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Valdimar Birgisson og Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Pawel Bartoszek setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Framtíðarstaðsetning skotíþróttar - tillaga að stofnun starfshóps - 2303014

Framhald frá 124. fundi þar sem kynnt voru drög að erindisbréfi vegna stofnunar starfshóps um verkefnið. Fyrirliggjandi er tillaga formanns að nefndin veiti umboð til að hefja verkefnið og óska eftir tilnefningum í fyrirhugaðan starfshóp.

Svæðisskipulagsstjóra falið að bjóða Skotvís þátttöku í starfshópi og að breyta erindisbréfi til samræmis.

Samþykkt

2. Græni stígurinn - 2301008

Fyrirliggjandi er minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 8. apríl 2024 um næstu skref verkefnisins.

Lagt fram til kynningar

3. Eyri - Kjós í Hvalfirði - forkynning - breyting á aðalskipulagi - 2403002

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni um ofangreint og umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 8. apríl 2024 sem er lögð fram til samþykktar.

Samþykkt

4. Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur - 2005005

Kynnt fyrirhuguð þátttaka SSH í Hönnunarmars 2024 í samstarfi við Skipulagsstofnun og Teiknistofuna Stiku.

5. Áherslur 2022-2026: Leiðarljós 3 - Alþjóðleg samkeppnishæfni - 2003003

Framhald frá 125. fundi nefndarinnar. Farið var yfir stöðu aðgerða sem falla undir



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

leiðarljós þrjú í svæðisskipulagi en til grundvallar var greining ALTA: Mat og rýni á framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, dags. 19. júní 2020.

6. Heimsókn til Mosfellsbæjar - 2003003

Næstu fundur nefndarinnar verður haldinn hjá Mosfellsbæ þann 3. maí 2024.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.

Fundargerð

259. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14, föstudaginn 15. mars 2024, kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir, Jón Viðar Matthíasson og Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

1. Innra eftirlit og áhættustýring - 2309024

Farið yfir árangur og framvindu innra eftirlits SHS, áhættumat, mótvægisaðgerðir sem og áhættustýringar á árinu 2023. Jafnframt gerð grein fyrir mati á áhættuþoli starfseminnar í febrúar 2024.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 259 1.1 Greinargerð um innra eftirlit og áhættustýringu.pdf

2. Umhverfisskýrsla - 2403004

Minnisblað um árangur SHS í umhverfismálum 2023 kynnt.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 259 2.1 Minnisblað - árangur í umhverfismálum 2023.pdf

3. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar - 2402017

Frestað mál frá síðasta fundi.

Niðurstaða

Ákvörðun um fyrirkomulag og dagsetningu aðalfundar verður tekin á vettvangi SSH.

4. Þjálfun úkraínskra hermanna - 2403011

Kynning á verkefni á vegum utanríkisráðuneytisins þar sem bráðatæknar SHS þjálfa úkraínska hermenn í bráðameðferð á stríðssvæðum. Verkefnið er leitt af Bretum og fer fram í Bretlandi. Bráðatæknar sem tekið hafa þátt í verkefninu kynntu það og sátu fyrir

svörum.

Niðurstaða

Kynning.

Gestir

Guðný Elísabet Ingadóttir, mannauðsstjóri SHS -

Hlynur Höskuldsson, bráðatæknir, deildarstjóri -

Stefnir Snorrason, bráðatæknir, varðstjóri -

Kristján Sigfússon, bráðatæknir, varðstjóri -

5. Önnur mál - 2401014

5.1 Hættumat Veðurstofunnar vegna eldgosa og jarðskjálfta. Á fundi stjórnar með Veðurstofu Íslands var ákveðið að flýta eldgosa-/hraunrennslismati en það verður framkvæmt á vormánuðum 2025 og verður áhættumat.

5.2 Gallup - Traust til stofnana 2024. Í árlegri könnun Gallup á trausti til stofnana kom fram að SHS nýtur 89% trausts almennings.

Fylgiskjöl

SHS 259 5.2.1 Traust til stofnana, skýrsla Gallup.pdf

Fundi slitið kl. 09:30.

Einar Þorsteinsson

Rósa Guðbjartsdóttir

Almar Guðmundsson

Þór Sigurgeirsson

Regína Ásvaldsdóttir

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

392. fundur

Föstudaginn 5. apríl 2024 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 7:30.

Mætt voru:

Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð og Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Ársreikningur Strætó og endurskoðunarskýrsla árið 2023.
2. Staðgreiðsla fargjalda.
3. Lífeyrissjóðsmál
4. Fargjaldatekjur jan til mar.
5. Útboðið – staðan næstu skref

Tekið fyrir:

1. Ársreikningur Strætó og endurskoðunarskýrsla árið 2023.

Sturla Jónsson endurskoðandi frá Grant Thornton og Lárus Finnbogason formaður endurskoðunarnefndar Strætó tóku sæti á fundinum undir þessum lið.

Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri fór yfir ársuppgjör fyrir árið 2023. Fargjaldatekjur ársins er á áætlun og jukust um 18% milli ára. Farþega fjöldi jókst um 14% milli ára og er sá mesti frá því rafrænar talningar hófust. EBITDA er jákvætt um tæpar 50 m.kr. Rekstrarkostnaður vagna heldur áfram að aukist samhliða hækkandi aldurs vagna. Gjaldfært er um 258 m.kr. vegna lífeyrissjóðsskuldbindinga frá Lífeyrissjóðnum Brú vegna starfsmanna sem náð höfðu 60 ára aldri eða hafið töku lífeyris sem höfðu verið skildir eftir í uppgjóri vegna lífeyrissjóðsmála á árinu 2017. Eigið fé Strætó er því neikvætt í lok árs 2023 um 364 m.kr. Rekstrarhæfi Strætó hefur verið tryggt með auknum framlögum frá eigendum til skemmri tíma. Jafnframt eigi eftir að leysa fjármögnun vegna endurnýjun vagnaflotans og orkuskipta. Bentu endurskoðandi og formaður endurskoðunarnefndar að það væri ekki æskileg staða og huga þurfi að aðgerðum til lengri tíma til að snúa þessari þróun við.

Stjórn samþykkti ársreikning Strætó bs. fyrir árið 2023.

Sturla og Lárus víkja af fundi.

2. Staðgreiðsla fargjalda

Framkvæmdastjóri fór yfir hvernig hlutdeild staðgreiðslu í vögnum hefur þróast frá árinu 2015. Staðgreiðsla hefur minnkað og er innheimtuaðferðin mjög gamaldags. Framkvæmdastjóra var falið að skoða hvernig hægt væri að gera breytingar á innheimtu staðgreiðslufargjalda til framtíðar.

3. Lífeyrissjóðsmálin

Framkvæmdastjóri fór yfir yfirlýsingu Strætó í tengslum við uppgjör þeirra starfsmanna sem náð höfðu 60 ára aldri og skildir voru eftir í uppgjörinu 2017. Tryggja á að eingöngu þeir starfsmenn sem störfuðu hjá Strætó séu í því uppgjóri.

Stjórn Strætó fól framkvæmdastjóra að senda formlegt svar til lífeyrissjóðsins Brúar vegna starfsmanna sem komnir voru á snemmtöku lífeyris vegna 95 ára reglunnar og lífeyrissjóðurinn hefur tilkynnt að hann muni hefja innheimtu vegna. Svárið byggir á fyrirliggjandi lögfræðialiti sem unnið var fyrir stjórn Strætó.

4. Fargjaldatekjur

Framkvæmdastjóri fór yfir þróun fargjaldatekna fyrstu þrjá mánuði ársins. Tekjur eru lítilega undir áætlun. Sala árskorta er með mesta frávikið.

Magnús Örn Guðmundsson, formaður stjórnar vék af fundi vegna vanhæfis vegna næsta liðar og tók Alexandra Briem varaformaður við stjórn fundar.

5. Útboð á akstri.

Umræður um næstu skref stjórnar í framhaldi af niðurstöðu eigendafundi miðvikudag 3. apríl 2024. Stefnt að því að boða til vinnufundar fljótlega í maí.

Fundi slitið kl. 09:15

Fylgiskjöl: Ársreikningur 2023, umsögn endurskoðunarnefndar um ársreikning, endurskoðunarskýrsla 2023, fargjaldatekjur

Alexandra Briem

Hrannar B. Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson